

Tillögur að breytingum á samþykktum á ársfundi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 30. apríl 2019

Tillögur til breytinga á samþykktum LSA sem lagðar verða til á ársfundi sjóðsins 30. apríl 2019.

Breytingar á greinum í eldri samþykktum eru eftirfarandi:

Eldri samþykktir	Ákvæði eftir breytingu	Skýringar
<p>4. gr. a. Stjórnarformaður sjóðsins skal tilnefndur af bæjarstjórn og skal annað hvort vera bæjarstjóri eða sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar. Aðrir stjórnarmenn eru tveir bæjarfulltrúar sem bæjarstjórn kys á sama hátt og í fastar nefndir til fjögurra ára og tveir sjóðsfélagar fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára af Kili, Stéttarfélagi starfsmanna í almannajónustu. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafnlangs tíma.</p>	<p>4. gr. a Stjórnarformaður sjóðsins skal tilnefndur af bæjarstjórn og skal annað hvort vera bæjarstjóri eða sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar. Aðrir stjórnarmenn eru tveir fulltrúar sem bæjarstjórn kys á sama hátt og í fastar nefndir til fjögurra ára og tveir fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára af Kili, Stéttarfélagi starfsmanna í almannajónustu. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafnlangs tíma.</p>	<p>Lagt er til að auka sveigjanleika við val á stjórnarmönnum. Í fyrsta lagi er lagt til að fella niður það skilyrði að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru af Akureyrarbæ þurfi að vera bæjarfulltrúar. Í öðru lagi er lagt til að fella niður skilyrði um að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru af Kili þurfi að koma úr hópi sjóðfélaga.</p> <p>Þessar breytingatillögur eru lagðar fram þar sem stjórn þykja nógildandi samþykktir of takmarkandi, m.a. vegna þess að sjóðfélögum fækkar stöðugt og erfitt getur reynst að finna bæjarfulltrúa sem geta tekið að sér stjórnarsetu. Telur stjórn því eðlilegra að tilnefningaraðilar geti tilnefnt hvern þann einstakling í stjórn sem þeir treysta til starfa og uppfyllir lögbundin hæfisskilyrði.</p>